

**REGLUR**  
**um breytingu á reglum nr. 1023/2009**  
**um Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.**

1. gr.

1. gr. orðast svo:

Menntavísindastofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsókna- og fræðastofnun sem sinnir einnig starfsþróun á vettvangi menntavísindasviðs. Stofnunin er starfrækt á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

a) 1. málsl. 1. mgr. orðast svo:

Meginhlutverk Menntavísindastofnunar er að efla rannsóknir og rannsóknahverfi innan menntavísindasviðs og stuðla að miðlun og nýtingu þekkingar á þeim vettvangi sem sviðið þjónar.

b) Við greinina bætist ný málsgrein, 4. mgr., svohljóðandi:

Stofnunin skal, í samráði við deildir menntavísindasviðs, stofur stofnunarinnar og ýmsa hagsmunaaðila eftir atvikum, stuðla að símenntun og starfsþróun á vettvangi menntamála. Þetta starf getur meðal annars falist í margvíslegri ráðgjöf, skýrslugerð, námskeiðahaldi og starfsþróun á vettvangi, en einnig í umsjón með nemendum sem sækja námskeið á vegum deilda sviðsins.

3. gr.

4. gr. orðast svo:

Innan vébanda Menntavísindastofnunar starfa rannsóknastofur og rannsóknahópar á vegum fastráðinna kennara við menntavísindasvið. Stjórn Menntavísindastofnunar setur rannsóknastofum og rannsóknahópum við fræðasviðið starfsreglur, þ. á m. um skipan stjórnar og val forstöðumanns. Heimilt er að deildaskipta Menntavísindastofnun til þess að skerpa verkaskiptingu, meðal annars varðandi rannsóknir og starfsþróun. Rannsakendur greiða fyrir þjónustu Menntavísindastofnunar í samræmi við veitta þjónustu og samkvæmt samkomulagi við forstöðumann. Leitast verður við að veita rannsakendum við sviðið ákveðna þjónustu án endurgjalds samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Gert er ráð fyrir að framlag stofnunarinnar til símenntunar og skyldra verkefna greiðist af sjálfsaflafé.

4. gr.

5. gr. orðast svo:

Stjórn menntavísindasviðs er jafnframt stjórn Menntavísindastofnunar og er forseti sviðsins formaður stjórnar. Rekstrarstjóri menntavísindasviðs og forstöðumaður Menntavísindastofnunar sitja fundi stjórnar, með tillögurétt, en án atkvæðisréttar. Forstöðumaður ritar fundargerð. Stjórninni er ætlað að fylgja stefnu fræðasviðsins í rannsóknum og stefnu um miðlun hagnýtrar þekkingar til vettvangs. Stjórn getur myndað samráðsvettvang með formönnum doktorsráðs, kennsluráðs, rannsóknaráðs og vettvangsráðs fræðasviðsins og eftir atvikum öðrum sem stjórn telur mikilvægt að eiga samráð við.

Stjórnarfundi skal halda minnst einu sinni á hverju misseri.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr.:

a) 2. málsl. 2. mgr. orðast svo:

Sama gildir er rektor ber fram slíka ósk, og hefur rektor þá málfrelni og tillögurétt á fundinum, en ekki atkvæðisrétt.

b) 2. málsl. 3. mgr. orðast svo:

Rita skal fundargerð stjórnarfunda og staðfesta hana á næsta fundi.

c) 4. mgr. orðast svo:

Nr. 354

8. apríl 2013

Formaður stjórnar og forstöðumaður halda fundi með forsvarsmönnum rannsóknastofa við fræðasviðið a.m.k. einu sinni á ári, þar sem fjallað er um mál sem lúta að þróun stofnunarinnar.

6. gr.

8. gr. reglnanna, um ráðgjafarráð, fellur niður og breytast númer þeirra greina sem á eftir koma í samræmi við það.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. reglnanna, hér eftir 8. gr.:

a) 1. másl. 1. mgr. orðast svo:

Forseti menntavísindasviðs ræður forstöðumann Menntavísindastofnunar.

b) Síðasti másl. 1. mgr. orðast svo:

Um ráðningu forstöðumanns og annars starfsfólks fer að öðru leyti eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

c) 2. mgr. orðast svo:

Forstöðumaður stýrir daglegum rekstri stofnunarinnar í samráði við stjórn og situr fundi stjórnar.

8. gr.

1. og 2. másl. 2. mgr. 10. gr. reglnanna, hér eftir 9. gr., orðast svo:

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands og menntavísindasviðs og heyra alfarið undir stjórn sviðsins. Stofur, deildir og verkefni skulu hafa sérstök bókhaldsnúmer.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, að fenginni tillögu stjórnar menntavísindasviðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. apríl 2013.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

---

B-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2013